



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Tillaga:

Lagt er til að velferðarráð samþykki sameiginlegar reglur fyrir akstursþjónstu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sbr. fylgiskjal I, ásamt þjónustulýsingu, sbr. fylgiskjal II.

Greinargerð:

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglum um skólaakstur grunnskóla nr. 656/2009 skulu sveitarfélög veita fötluðu fólk kost á akstursþjónustu með það að markmiði að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna skerðingar sinnar kleift að stunda atvinnu og nám, njóta tómtunda auk aksturs á þjónustustofnanir.

Frá árinu 2014 hafa fimm sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu staðið sameiginlega að akstursþjónustu fatlaðs fólks en Strætó bs hefur annast rekstur akstursins m.a. þjónustuver og skipulag þjónustunnar. Samningur um akstursþjónustuna við verktakana rann út 31. desember 2019 en hefur verið framlengdur til 1. júlí 2020.

Á fundi stjórnar SSH nr. 469. þann 8. apríl 2019 fól stjórn framkvæmdastjóra að setja á stofn vinnuhóp sem hefði það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útboði akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn tilnefndi stjórn Harald Sverrisson frá stjórn SSH, Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH, Björgu Fenger stjórnarformann Strætó bs. og Regínu Ásvaldsdóttur sviðstjóra velferðasviðs Reykjavíkurborgar. Eftir umræður varð niðurstaðan sú að Hafnarfjörður og Kópavogur buðu út eigin akstursþjónustu en eftir stóð að meta hvort þau fjögur sveitarfélög sem eftir stæðu vildu freista þess að halda samstarfinu áfram.

Á fundi stjórnar SSH þann 7. október sl. samþykkti stjórn SSH að vinna áfram að málinu með það að leiðarljósi að sveitarfélög utan Hafnarfjarðar og Kópavogs myndu

þjóða sameiginlega út akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Var verkefnahópnum falin áframhaldandi vinna vegna þjónustulýsingar og Strætó bs. vegna útboðsmála. Verkefnahópurinn hefur nú starfað á undanförunum misserum ásamt sérfræðingum sveitarfélaganna og Strætó bs með það að markmiði að setja saman ný drög að samkomulagi milli sveitarfélaganna, ásamt sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu.

Helstu nýmæli í meðfylgjandi reglum eru eftirfarandi:

- Notandi greiðir lægra verð fyrir ferðir sem eru pantaðar fram í tímann.
- Pöntunartími þjónustuvers er stytur til kl. 16:00 á virkum dögum í stað til kl. 18:00.
- Aksturstími er stytur til miðnættis á virkum dögum, þ.e. til 24:00 í stað 01:00. Á föstudags- og laugardagskvöldum er ekið áfram til 01:00.
- Aksturstími á stórhátíðardögum er lengdur til kl. 22:00 í stað kl. 17:00.
- Bætt var við ákvæði um að hægt sé að nýta ferðaþjónustu þó viðkomandi sé með bílastyrk frá TR.
- Myndavélar verða í öllum sérútbúnum bílum og verður slíkum bílum fjölgað út 30 í 45.
- Notkun leigubíla eykst að sama skapi úr 10% í 30% ferða og samið verður við ákveðna leigubílstjóra um fastar ferðir.
- Beintenging verður við aksturskerfi leigubílastöðva.
- Í stað samráðshóps félagsmálastjóra verður skipuð sérstök stjórn akstursþjónustu.

Þann 10. janúar sl. fundaði vinnuhópur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með hagsmunasamtökum þar sem drög að reglum og þjónustulýsingu voru kynnt og rædd ásamt yfirliti yfir helstu tillögur að breytingum.

Tillögur að sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu voru lagðar fyrir velferðarráð þann 15. janúar síðastliðinn. Velferðarráð samþykkti að vísa málinu til aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks og óska eftir umsögnum helstu hagsmunaaðila og fulltrúum notenda.

Þann 16. janúar var fundað með aðgengis- og samráðsnefnd en í nefndinni sitja fulltrúar ÖBÍ, fulltrúar NPA miðstöðvarinnar og fulltrúar Þroskahjálpar auk kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar þar sem drög að reglum og þjónustulýsingu voru kynntar.

Í kjölfar fundarins var óskað formlega eftir umsögnum ofantalinna hagsmunaaðila. Fulltrúar Geðhjálpar vísuðu á ÖBÍ varðandi málið.

Formleg umsögn barst frá ÖBÍ, dags. 24. janúar og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðra, dags. 24. janúar 2020.

Athugasemdir ÖBÍ snúa helst að styttingu þjónustutíma, fyrirvara við pöntun ferða, að bílstjórar aðstoði við að bera matvöru og annan farangur inn og út úr bíl. ÖBÍ telur að ekki geti verið réttlætjanlegt að bílstjóri keyri burt að 3 mínútum liðnum hafi hann komið fyrir þann tíma sem notandi hefur pantað og miðað við. Þá gerir ÖBÍ athugasemdir við að börn á grunnskólaaldri eigi að geta ferðast með foreldrum sínum í akstursþjónustunni

líkt og börn undir grunnskólaaldri og að gæta eigi að persónuverndarsjónarmiðum við miðlun upplýsinga um notendur.

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks var jákvæð en bent er á að varlega verði að fara í myndavélavöktun, það verði að vera háð ströngum skilyrðum hver hafi aðgang að slíkum upptökum og notendur verði að vera upplýstir um slíka vöktun. Nefndin gerir athugasemdir við að aksturstími skuli verða stytur til 24:00 í stað 01:00 áður. Nefndin telur einnig að það ætti að bjóða upp á þann möguleika að panta ferðir með minna en tveggja tíma fyrirvara enda er notendum gert ljóst að akstursþjónustan geti ekki tryggt að komið sé til móts við slíkar óskir. Aðgengis- og samráðsnefnd hefur ákveðinn skilning á því að greitt sé hærra verð fyrir tilfallandi ferðir sem pantaðar eru samdægurs, enda markmiðið að tryggja skilvirkni og hagkvæmni þjónustunnar en bendir á að gæta verði að því að sá verðmunur sé í samræmi við sannanlegan kostnaðarmun og verði ekki verulega íþyngjandi fyrir notendur. Nefndin leggur jafnframt til að fólk sem hefur tímabundna þörf fyrir akstursþjónustu, t.d. vegna slysa eða endurhæfingar, eigi þess kost að sækja um þjónustu. Slíkar umsóknir séu metnar sérstaklega og kallað eftir læknisfræðilegu mati til rökstuðnings þeim. Þá mætti setja sérstakar reglur um slíka tímabundna þjónustu.

Í minnisblaði, sbr. fylgiskjal III, er farið yfir það hvernig helstu ábendingum hefur verið mætt í reglunum og þjónustulýsingunni. Meðal annars hefur akstur verið lengdur um helgar, grunnskólabörn fá ókeypis akstur með foreldrum eins og leikskólabörn, komið hefur verið til móts við athugasemdir þannig að þeir sem hafa átt rétt á þjónustunni fyrir 67 ára aldur en ekki notað hana, hafa nú rétt á að nota þjónustuna eftir 67 ára aldur.

Fylgiskjöl:

- I Sameiginlegar reglur fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu
- II Þjónustulýsing fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu
- III Minnisblað, svör við ábendingum og athugasemdum